



Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:
María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018
Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111
Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126
Í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á www.krabb.is og í síma 800-4040.

Jólaakveðja

Skeglan óskar lesendum sínum
gleðilegrar jólahátíðar og gæfu á komandi ári
um leið og hún þakkar samskiptin
á árinu sem er að líða.



Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 28. desember 2016.
Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
50. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 21. desember 2016

Frá Velferðasjóði Þingeyinga

Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þökkum fyrir stuðninginn á liðnum árum, sem hefur verið ómetanlegur.

Við vonum að þið leggist á árarar með okkur að viðhalda sjóðnum svo að við getum hjálpað til hér í okkar heimabyggð, þeim sem standa höllum fæti.

Það er hægt að leggja fjárframlög til sjóðsins á bankareikning hjá Sparisjóði Þingeyinga 1110-05-402610- kennitala: 600410-0670

Með von um góð viðbrögð.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Velferðasjóðsins

Örnólfur Jóhannes Ólafsson





Opnunartími yfir hátíðarnar

Skrifstofa Langanesbyggðar

Opnunartími yfir hátíðarnar

Skrifstofa Langanesbyggðar verður lokuð frá og með hádegi 23. desember og opnar aftur 2. janúar 2016.

Sundlaug Langanesbyggðar

24. desember - Aðfangadagur opið 11:00-14:00

26. desember - Annar í jólum opið 11:00-14:00

31. desember - Gamlársdagur opið 11:00-14:00

Venjuleg opnun aðra daga, lokað á sunnudögum

Sveitarstjórn, sveitarstjóri og starfsfólk Langanesbyggðar óskar íbúum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.



BINGÓ

Þriðjudaginn 27. desember kl. 18:00 verður Kvenfélagið Stjarnan með bingó í Pakkhúsinu á Kópaskeri. Hvert spjald kostar 500 kr.

Kaffi, djús og smákökur verða í boði kvenfélagsins. Góðir vinningar úr ýmsum áttum.

Vonumst til að sjá sem flesta ☺

Með jólakveðju og þakklæti fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða.

Kvenfélagið Stjarnan

Jólakveðja

Fjölskyldan á Felli í Finnafirði óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir líðandi stundir, megi nýtt ár verða ykkur gæfuríkt.

Jólakveðja

Reimar, Dagrún og dætur



JÓLABALL 2016

Hið árlega jólaball Foreldrafélagsins Velvakanda og Kvenfélagsins Freyju verður haldið í félagsheimilinu Hnitbjörgum, þriðjudaginn 27. desember klukkan 17:30.

Hugmyndin er sú að allir sem geta, komi með eitthvað gómsætt á kaffihlaðborð. Kaffi og djús verður í boði.

Eigum góða stund saman og dönsum í kringum jólatréð svo er aldrei að vita nema komi óvæntir gestir.

Allir hjartanlega velkomnir.

Foreldrafélagið Velvakandi og Kvenfélagið Freyja.



Frá Þórshafnarkirkju.



Aftansöngur verður í Þórshafnarkirkju á aðfangadag 24. desember kl. 17.15. Prestur sr. Hildur Sigurðardóttir. Kór kirkjunnar syngur.

Stjórnandi og gítarleikari er Ragnar Jón Grétarsson
tónlistarskólastjóri.

Vertu velkomin(n) í kirkjuna þína.

Hátíðarsamvera á Nausti

á annan dag jóla, 26. des. kl. 14:00.

Kór Langanesprestakalls syngur undir stjórn kórstjóra.

Sóknarnefnd



Frá Bókasafni Öxarfjarðar

Bókasafnið verður lokað þriðjudaginn 27. desember.
Opíð eins og venjulega 28. desember (13 – 16) og 29. desember (16 – 19).



Jólakveðja frá Norðurslóð

Ferðafélagið Norðurslóð sendir félögum sínum og þátttakendum í ferðum félagsins bestu jóla- og nýársóskir, með þökk fyrir samfylgdina og von um góða þátttöku á nýju ári.

Væri ekki gott nýársheit að fara reglulega út að ganga?

Eða að ganga sumarleyfisgöngu með ferðafélaginu?

Settu þér markmið!

Fyrsta ganga nýs árs er fyrirhuguð laugardaginn 14. janúar í kringum Presthólalón og í Hallveigarlund í Núpasveit.

Síðan er ganga í hverjum mánuði fram á vor en þá fjölgar ferðunum.



Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.



Frá Skinnastaðarprestakalli:

Helgihald um jól og áramót verður sem hér segir:

Aðfangadagur jóla, 24. desember:

Aftansöngur í Raufarhafnarkirkju kl. 18.00

Jóladagur, 25. desember:

Hátíðarguðsþjónusta í Garðskirkju kl. 14.00

Annar Jóladagur, 26. desember

Hátíðarguðsþjónusta í Snartarstaðakirkju kl. 17.00

Nýársdagur, 1. janúar:

Hátíðarguðsþjónusta í Skinnastaðarkirkju kl. 14.00.

Vertu velkomin(n) í kirkjuna þína um jól og áramót !

Með bestu kveðju og ósk um gleðileg jól, gott og farsælt nýár.

Þökkum samfylgdina á árinu.

Sóknarprestur og sóknarnendir

Framfarafélag Öxarfjarðar

18. janúar 2017

Framfarafélag Öxarfjarðar boðar til Aðalfundar 18. janúar næstkomandi. Fundurinn hefst 17:00 og er áætlað að hann standi til 18:00. Fundurinn verður í sal Grunnskólans í Öxarfirði, Lundi. Samkvæmt lögum félagsins ber að halda aðalfundinn í apríl árlega en ef enginn hreyfir mótmælum mun þessi fundur haldinn á áður nefndum tíma. Í kjölfarið á aðalfundinum verður haldin íbúafundur á vegum verkefnisins Öxarfjörður í sókn.

Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

- ◆ Kosning fundarstjóra og fundarritara
- ◆ Skýrsla stjórnar
- ◆ Lagðir fram endurskodaðir reikningar félagsins og þeir skýrðir
- ◆ Umræða um skýrslur og reikninga. Afgreiðsla reikninga
- ◆ Verkefni félagsins á næsta ári reifuð og tillögur lagðar fram
- ◆ Ákvörðun árgjalds
- ◆ Lagabreytingar
- ◆ Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda
- ◆ Önnur mál

Tillögur að lagabreytingum þurfa að berast stjórn í síðasta lagi 31. desember 2016. Það verður kosin ný stjórn á fundinum og fólk er hvatt til að gefa kost á sér. Hægt er að senda stjórninni póst á netfangið gummi@kopasker.is. Við vonumst til að sjá fólk allsstaðar að, af svæðinu og að fundurinn verði árangursríkur.

Kveðja stjórn Framfarafélags Öxarfjarðar